

Nd.

227. Frumvarp

til laga um að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Jón Sigurðsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Prestlaunasjóður er felldur niður. Allt fé, er til sjóðs þessa skyldi falla, rennur framvegis til rikissjóðs, sem launar prófasta og sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík innheimta hin lögmaeltu prestsgjöld og greiða í rikissjóð, að frádregnum 6% fyrir innheimtuna. Prestsgjald fellur í gjalddaga 1. apríl.

Sóknarnefndir ljúka innheimtu gjalda, sem fallin eru í gjalddaga.

Sóknarnefndir skulu senda hlutaðeigandi innheimtumanni, ekki síðar en í lok janúarmánaðar, skýrslur, eins og til þessa hafa verið gerðar, um gjaldskylda menn.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 46, nr. 47 og nr. 50 frá 1907, og nr. 40 frá 1909, er ekki samrímast lögum þessum, taka viðeigandi breytingum, svo eru úr gildi num-in önnur ákvæði, er fara í bága við lögin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Á Alþingi 1933 var flutt samhljóða frumvarp og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Prestlaunasjóðurinn hefir í rauninni frá byrjun (1907) aldrei verið til nema á pappírnum. Ríkissjóður hefir alla tíð orðið að greiða meginíð af því fé, er þurft hefir til launa handa prestunum, og það er nú sýnt, að rikissjóður verður að halda þeim framlögum áfram. Kirkjujarðasjóður hefir jafnan orðið að greiða mikinn kostnað og óhjákvæmilegan vegna prestssetra og annara kirkjueigna, sem að öðrum kosti hefðu lent á rikissjóðnum, auk þess sem sá sjóður á nú samkv. nýjum lögum að leggja fram vaxtalág lán til húsa á prestssetrum til móts við rikissjóðsstyrk. Má því ekki vænta svo mikils fjár úr kirkjujarðasjóði eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Prestlaunasjóður getur því ekki haft þær tekjur, að hann gæti innt það hlutverk af hendi, er honum var ætlað í byrjun, og verður þá eigi séð, hvers vegna ætti að halda honum sem sérstökum sjóði. Slikt væri fyrirhöfnin ein. Er því lagt til, að prestlaunasjóðurinn sé felldur niður og að allar tekjur hans renni í rikissjóð.

Innheimtu prestsgjalda, sem hefir verið í höndum sóknarnefnda, þykir rétt að fela valdsmönnum þeim, er greinir í frumvarpinu. Þeir innheimta hvort sem er gjöld á öllum heimilum hvers umdæmis, og þeir hafa að öllu betri aðstöðu í þessum efnun en sóknarnefndirnar.

Vegna þess að tíminn er fullnaumur frá manntali til núverandi gjalddaga prestsgjalda (31. desember), þykir heppilegra að hafa gjalddagann 1. apríl.

Rétt hefir þótt að gera ráð fyrir, að valdsmenn þessir njóti þess hundraðshluta af gjöldunum, sem sóknarnefndir hafa notið til þessa.